

Rio Tinto á Íslandi  
Straumsvík Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10. september 2020  
UST202001-419/E.H.  
08.07.02

**Efni: Eftirlit 2020 - Rio Tinto - Reglubundið eftirlit þann 18.8.2020**

Þann 18.8.2020 sl. fór fram eftirlit í [starfsemi, rekstraraðili, starfsstöð]. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

Virðingarfyllst

  
Einar Halldórsson

  
Helga Rut Arnarsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Río Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	18.8.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Río Tinto á Íslandi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Margrét Bragadóttir
<b>Heimili</b>	Straumsvík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6804660179	<b>Flokkur</b>	Ál
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	24.42.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Birna Pála Kristinsdóttir	<b>Staðsetning</b>	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með Río Tinto á Íslandi. Engin frávik komun fram frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Svæðinu hefur nú verið skipt aftur upp í öryggishólf vegna COVID19 með takmörkuðu aðgengi á milli hólfa vegna sóttvarna. Um 85% af hámarks framleiðslugetu er nú í kerskálum.

Farið var yfir áætlun vegna tímabundinnar og varanlegrar rekstrarstöðvunar en skv. Áætluninni verður hún uppfærð á 5 ára fresti. Uppfærð áætlun mun liggja fyrir síðar á þessu ári en síðasta útgáfa var árið 2015.

Með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með reglugerð nr. 550/2018 um losun fráatvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit eru nú komin inn ákvæði um að tíðni eftirlitsferða skuli miðast við kerfisbundið áhættumat á umhverfisáhættu vegna starfseminnar. Reglubundnar vettvangsheimsóknir 2020 miðast út frá niðurstöðum áhættumatsins en verður það endurmetið samhliða hverri vettvangsheimsóknum og niðurstöðum úr eftirliti. Til viðbótar við reglubundin eftirlit framkvæmir Umhverfisstofnun óvenjubundið eftirlit t.d. til að fylgja eftir úrbótum frávik. Samkvæmt áhættumati fellur starfsemi Río Tinto á Íslandi í áhættuflokk B og þar með er áætlað að fara eini sinni á ári vettvangsferð í verksmiðjuna. Nánar er greint frá áhættumatinu í landsáætlun um eftirlit og áætlun um reglubundið eftirlit Umhverfisstofnunar sem nálgast má á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir hafa skilgreint áhersluverkefni í eftirliti að taka saman skráningar á neyslu-, lausa-, húsa- og bryggjugeymum. Farið var yfir geymana á svæðinu og mun rekstraraðili senda viðeigandi upplýsingar um þá til stofnunarinnar.


Rætt var um flutning á úrgangi milli landa en rekstraraðili hefur 2 leyfi til útflutnings á álgjalli. Ekkert hefur verið flutt út síðan í vor og nýrra leyfið hefur ekki verið nýtt, þar sem álgjallið er nú sent til endurvinnsluaðila á Íslandi. Farið var yfir útfyllingu á fylgiskjöllum vegna úrgangsgáma sem fluttir eru erlendis.

Farið var yfir niðurstöður mengunarmælinga og síðustu ársfjórðungsskýrslur. Í síðasta eftirliti kom fram að ryk hefði verið yfir mörkum í ryksíu í steypuskála (Torit). Í ár gerði rekstraraðili aftur viðvart um að gildi væru yfir viðmiðunarmörkum. Endurbætur hafa átt sér stað og mælingar eru nú undir viðmiðunarmörkum eða um 5 mg/Nm<sup>3</sup>. Samfelldar mælingar eiga sér stað á vegum rekstraraðila en stikk-mælingar skv. mæliáætlun fara fram á 4 ára fresti, næst árið 2022.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 02.09.2020

  
Einar Halldórsson